

Alþingi  
Erindi nr. Þ 119 / 69  
komudagur 7/6 1995



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

Stofnað 1917

SAMTÖK ÍSLENSKS  
VIÐSKIPTALÍFS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
b/t Guðjóns Rúnarssonar, nefndarritara.

Reykjavík, 7. júní 1995.

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir tækifæri til að láta í ljós álit sitt á framkomnu frumvarpi um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (27. mál.)

Verslunarráðið fagnar aðild Íslands að samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina og undirsamninga hans. Það er skoðun Verslunarráðsins viðskiptafrelsi leiði til vaxtar og velsældar fyrir þjóðir heims og að þeir fríverslunarsamningar sem Ísland hefur gerst aðili að hafi verið þjóðinni til hagsældar.

Verslunarráð Íslands styður frumvarpið en vill þó gerir nokkrar almennar athugasemdir og leggur að auki til orðalagsbreytingu við 6. gr. Rétt er að taka fram að vegna þess hversu stuttur frestur var gefinn til umsagnar voru boðaðir viðaukar ekki kannaðir til hlítar. Hefðu þeir að ósekju mátt fylgja frumvarpinu.

Verslunarráðið hefði talið æskilegt að í frumvarpinu væri að finna fyrirfram ákveðinn feril um lækkun tolla (tollbindinga um lágmark 36%) á næstu 6 árum. Þannig hefði legið fyrir hvernig tollvernd innlendarar framleiðslu yrði minnkuð og samkeppni aukin. Slíkt ætti að gera íslenskum landbúnaði auðveldara um vik að mæta samkeppninni.

Verslunarráðið mælist til þess að tollar á vörur, sem fluttar eru inn á tollkvótum (lágmarksaðgangur) verði sem lægstir þannig að raunveruleg verðsamkeppni geti átt sér stað á þeim vörum. Í tilviki tollkvóta væri einnig æskilegt að fyrirfram væri ljóst í hvaða þrepum þeir yrðu auknir.

Í b-lið 1. mgr. 6. gr. og í 3. mgr. 6. gr. er talað um stöðvun á innflutningi vöru sem brýtur gegn hugverkaréttindum ef fyrir liggur "sönnun" um slíkt. Er þar annars vegar er ætlast til að réttthafi "leggi fram sönnun" á meintu

*Póstáritun:*  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími 588-6666  
Bréfsími 568-6564  
Telex 2316 Chambr is



broti á rétti sínum og hins vegar hefur tollstjóri heimild til að stöðva tollafgreiðslu hafi hann “í höndum sönnun” um að vara brjóti þessi réttindi. Með hliðsjón af almennum lagaskilningi á orðinu “sönnun” og að hér er um bráðabirgðaaðgerð að ræða, hliðstæða lögbanni (og væntanlega undanfara þess) væri rétt að nota orðin “**gerir sennilegt**”, annars vegar og “**telur líklegt**”, hins vegar. Rétt er að minna á að dómstólar eiga síðasta orðið um það hvort að eitthvað teldist fullsannað í slíkum málum. Orðið sönnun gæti kallað á of strangt mat á viðkomandi gögnum sem yrði til þess að breytingin næði ekki tilgangi sínum. Orðanotkunin sem lögð er til er sú sama og í 24. gr. l. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann.

Rétt er einnig að gera athugasemdir við það að setja þurfi sérstaka **tryggingu fyrir kostnaði tollyfirvalda**, sbr. c-liður 1. mgr. 6. gr. Annars vegar getur ekki verið um umtalsverður kostnaður við frestun tollafgreiðslu og hins vegar eru tollyfirvöld með þessu að framfylgja alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Nægjanlegt er að lögð sé fram trygging vegna tjóns innflytjandans, en benda má á að fari rétthafi fram á lögbann mun hann einnig þurfa að leggja fram tryggingu.

Virðingarfyllt  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

  
Jónas Fr. Jónsson